

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 1 260 frá 1. apríl 1992 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 26. mars 1992.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

25. mars 1992

Nr. 112

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 582/1991 um hlutdeild sjúkratrygðra í heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

5. grein orðist svo:

Fyrir fyrstu meðferð á glasafrjövgunardeild Landspítalans skal hlutdeild hjóna eða sambýlisfólks í kostnaði vera samtals kr. 105 000. Inni í þessari greiðslu felst kostnaður vegna nauðsynlegra rannsókna, lyfja og heimsókna til sérfræðinga á glasafrjövgunardeildinni.

Fyrir aðra, þriðju og fjórðu meðferð skal greiða kr. 60 000 fyrir hverja meðferð.

Fyrir meðferðir umfram fjórar skal greiða fullan kostnað, kr. 200 000.

Greiðslurnar skulu skiptast þannig að í upphafi hverrar meðferðar sé greitt 20% af heildargjaldi. Eftirstöðvar gjalds skal greiða þegar ákveðið hefur verið að framkvæmda eggheimtu.

Fyrir aðrar rannsóknir á glasafrjövgunardeild sem ekki tengjast glasafrjövgunarmedferð skal greiða eins og um göngudeildarheimsókn og rannsóknir væri að ræða, sbr. 3. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. mars 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.